

Umhverfisverkefni

Verkstjóri í Áhaldahúsi/ yfirmaður sumarstarfa

Vestmannaeyjabær leggur sérstaka áherslu á hreinsun og fegrun umhverfis yfir sumartímann. Yfirmaður sumarstarfa hefur yfirumsjón með öllu starfi sumarstarfsmanna og kemur einnig að skipulagningu og stjórnun Vinnuskóla.

Starfshlutfall: 100 %

Vinnufyrirkomulag: Að jafnaði alla virka daga frá kl. 7.30-16.30 (30 mín. matartími).

Tilfallandi verkefni utan daglegs vinnutíma.

Ráðningartímabil: Starfsmaður þarf að geta hafið störf í byrjun maí og vinna til loka ágústmánaðar.

Helstu verkefni:

- Bein dagleg stjórnun mannafla
- Skipulagning verkefna í samráði við yfirmenn og útdeiling þeirra til flokksstjóra.
- Umsjón tækja og áhalda
- Kemur að ráðningum starfsmanna í samvinnu við yfirmenn
- Þjálfun og leiðsögn flokksstjóra
- Umsjón með tímaskráningum starfsmanna
- Ber ábyrgð á öllum öryggismálum, s.s. að hlífðarbúnaður sé til staðar og hann notaður. Að allur búnaður sem starfsmenn nota sé öruggur.

Hæfniskröfur:

- Góð almenn verkkunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þarf að hafa bílpróf
- Reynsla af starfi með unglingum kostur
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Vestmannaeyjabæjar.
- Umsækjandi þarf að vera orðin 18. ára
- Góð íslenskukunnátta
- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur, lipur í samskiptum, stundvís og hafa góða þjónustulund
- Skipulagshæfni, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Gott vinnusiðferði

Laun skv. kjarasamningi: Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Erna Georgsdóttir í síma 488 2000 og ernag@vestmannaeyjar.is